

## Framboð til kirkjuþings 2022.

### Ágæta sóknarnefndafólk.

Nú fara í hönd kosningar til kirkjuþings. Ég hef ákveðið að gefa kost á mér í þeim kosningum.

Ég er sóknarnefndarformaður í Breiðabólstaðarsókn í Fljótshlíð og hef verið það undanfarin sextán ár. Ég er lögfræðingur að mennt og hæstaréttarlögmaður. Lengst af hef ég starfað við rekstur fyrirtækja m.a. Hagkaups, Vodafone, Tryggingamiðstöðvarinnar og Árvakurs. Er nú stjórnarformaður Eimskips, sinni búskap og vinn að ritstörfum. Ég hef gefið út sjö bækur; tvö smásagnasöfn, þrjár skáldsögur og tvær aðrar bækur.

Ég vona að reynsla mín af nokkuð umfangsmiklum fyrirtækjarekstri, samskiptum við starfsfólk, eigendur og stjórnvöld geti gert gagn á vettvangi kirkjunnar.

Innan kirkjunnar hef ég sinnt nefndarstörfum, í þjóðmálanefnd á meðan hún var og sit nú í þóknananefnd og í undirbúningsstjórn Sóknasambands Íslands.

Þá kaus kirkjuþing mig, ásamt forseta kirkjuþings og einum kirkjuþingsmanni, til setu í þriggja manna samninganefnd við ríkisvaldið um endurskoðun á samningum ríkis og kirkju, einkum kirkjujarðasamkomulaginu og öðrum mikilvægum fjárhagsmálefnum kirkjunnar. Afar hagfelldir samningar tókust 2019 sem færðu kirkjunni traustan fjárhagsgrundvöll um langan tíma, sjálfstæði og sjálfstjórn. Er nú verið að hrinda í framkvæmd þeim breytingum sem samningurinn hafði í för með sér. Er ekki ólíklegt að reynsla mín gæti komið að gagni við þá vinnu.

Ég hef reynt að beita mér opinberlega þegar mér hefur þótt við eiga. Sérstaklega hef ég lagt mig fram um að verja hagsmuni sóknanna á landsbyggðinni. Ég tel mikilvægt að hinum mörgu litlu sóknum sé gert kleift að starfa áfram eins og þær hafa gert um aldir. Hagræðingaráform hafa óþægilega oft falið í sér tilfærslu frá landsbyggðinni til þéttbýlisins. Því þarf að linna. Ekki gengur lengur að ganga á hagsmuni hinna dreifðu byggða.

Mér er vel ljóst að margvíslegir fjárhagslegir erfiðleikar steðja að rekstri kirkjunnar. Á þeim þarf að taka af þekkingu og lipurð en gæta þess jafnframt að skaða ekki meira en orðið er hið mikilvæga grunnstarf sem unnið er.

Ný sókn kirkjunnar byggist á því að yfirstjórn verði hófleg og hæfileg. Þaðan komi grunnreglur sem auðvelt verði að vinna eftir í prófastdæmum, prestaköllum og í sóknunum. Starfið allt þarf að miðast við fjölbreytileika hinna mörgu sókna; um það duga ekki einsleitar reglur og fyrirmæli.

Styrkur kirkjunnar er einstakur. Engin félagsamtök búa yfir jafn vönduðu grasrótarskipulagi og þjóðkirkjan. Í kirkjunni er unnið í sjálfboðavinnu, af ósérhlífni, væntumþykju og kærleika. Með það í huga getum við gengið stolt til móts við nýja tíma.

Sámsstaðabakka, Fljótshlíð 21. apríl 2022,

*Óskar Magnússon.*